Heilbrigðisráðuneytið
Samráðsgátt vegna áforma um frumvarp til sóttvarnalaga

Akureyri, 14. febrúar 2022
Tilvísun: M21120605 / 00.02

Efni: Umsögn Ferðamálastofu um frumvarp til sóttvarnarlaga, mál til samráðs nr. 26/2022

Vísað er í tölvupósts forsætisráðuneytisins/samráðsgáttar þann 2. febrúar sl. þar sem Ferðamálastofu var boðið að taka þátt í samráði um breytingar á sóttvarnarlögum nr. 19/1997, mál nr. 26/2022.

Ferðamálastofa gerir ekki almennar athugasemdir við frumvarpið en bendir á mikilvægi þess að almennt sé samræmi í hugtakanotkun óháð starfsgreinum.

Í ferðaþjónustu er viðurkennd skilgreining hugtaksins ferðamaður, „Gestur sem dvelur a.m.k. eina nótt á staðnum sem hann kemur á.“ Átt er við innlenda sem og erlenda gesti óháð því hvort þeir dvelja hérlendis eða erlendis. Hugtakið er fengið úr Hugtakasafni ferðaþjónustunnar sem kynnt var árið 2017 en þar er að finna orð og hugtök sem tíðkast að nota innan greinarinnar.

Samkvæmt 5. tl. 4. gr. frumvarpsins er sett fram skilgreining á hugtakinu „ferðamaður“ sem einstaklingur á ferð milli landa. Skilgreiningin, eins og hún er sett fram í frumvarpinu, er ekki í samræmi við hið viðurkennda hugtak.

Ferðamálastofa leggur til að skilgreiningunni í frumvarpinu verði breytt til samræmis við hina almennu viðurkenndu skilgreiningu og að hugtakið ferðamaður verði skilgreint sem „Gestur sem dvelur a.m.k. eina nótt á staðnum sem hann kemur á.“

Virðingarfyllst,
F.h. Ferðamálastofu
Helena Þ. Karlsdóttir, forstm. stjórnsýslusviðs